



SAMANTEKT UM

EFTIRLITSKÖNNUN

ÁRIÐ 2020

SÓLBORG UNA PÁLSDÓTTIR

TOK SAMAN



Héraðsskjalasafn
Skagfirðinga

2021

EFNISYFIRLIT

01

Um könnunina

03

Svörun

05

Skjalastjórar

07

Málalykill

09

Skráning

11

Gagnagrunnar

13

Grisjun

15

Afhending

17

Reglur og leiðbeiningar

20

Proskastig skjalavörslu

02

Afhendingarskyldir aðilar

04

Stærð skipulagsheilda

06

Skjalavistunaráætlun

08

Skráning málgagna

10

Skjalavörslukerfi

12

Varðveisla rafrænna gagna

14

Skjalageymslur

16

Frágangur

18

Helstu niðurstöður

UM KÖNNUNINA

HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA SENDI ÚT EFTIRLITSKÖNNUN MEÐAL AFHENDINGRASKYLDRA AÐILA INNAN SVEITARFÉLAGANNA Í SKAGAFIRÐI ÁRIÐ 2020.

Þrjár meginástæður liggja að baki slíkra kannanna. Í fyrsta lagi er um lagaskyldu að ræða. Í 9. grein laga um opinber skjalasöfn segir m.a. að héraðsskjalasöfn „skuli hafa eftirlit með skjalavörslu þeirra aðila sem eru afhendingarskyldir um skjöl sín og önnur gögn til þess ...“. Í sömu lögum kemur einnig fram að afhendingarskyldir aðilar skulu veita þær upplýsingar sem til þarf. Við lítum því svo á að skipulagsheildum beri að svara þeim könnunum sem við sendum til þeirra. Í öðru lagi gefur könnunin okkur ákveðna mynd af stöðu skjalamála hjá afhendingarskyldum aðilum í Skagafirði. Þetta stöðumat er nauðsynlegt fyrir alla aðila:

- Fyrir afhendingarskylda aðila svo þeir geri sér grein fyrir vandanum, viti hvað þurfi að laga og geti sett sér markmið um úrbætur.
- Fyrir héraðsskjalasafnið til að sjá hvar úrbóta sé þörf og hvaða ráðgjöf og fræðslu þurfi að veita.

Í þriðja lagi vekur könnunin fólk til umhugsunar um skjalastjórn og skjalavörslu. Oft á tíðum lendar hún neðarlega á forgangslistanum í önnum dagsins.

- Kannanirnar geta minnt afhendingarskylda aðila á skyldur sínar.
- Þær eiga að vekja sveitarstjórnarmenn til umhugsunar um stöðu skjalavörslunnar innan sveitarfélagsins sem vonandi hvetur alla þá sem hlut eiga að máli að koma að sameiginlegum lausnum.
- Brýnir héraðsskjalasafnið til að veita aukna fræðslu og ráðgjöf

Könnun var rafræn og var send út með kynningarbréfi 12.2.2020. Svarendur voru beðnir að svara fyrir 1.3.2020. Þann 25.2.2020 var send áminning um að ljúka könnuninni. 2.3.2020 var send ítrekun til þeirra sem ekki höfðu svarað og þeim gefinn kostur á að svara til 6.3.2020.

AFHENDINGARSKYLDIR AÐILAR

Í 14. grein laga um opinber skjalasöfn segir að afhendingarskyldir aðilar séu m.a. "sveitarfélög, svo og allar stofnanir og nefndir á þeirra vegum sem fara með stjórnábylgju; hið sama gildir um byggðasamlög og aðra þá aðila sem sjá um framkvæmd einstakra stjórnábylgjuverkefna vegna samvinnu sveitarfélaga". Í sömu grein segir einnig: "Afhendingarskylda gildir enn fremur um lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera. Afhendingarskyldan á við gagnvart héraðsskjalasafni þegar viðkomandi aðilar eru í eigu sveitarfélaga sem reka eða eiga aðild að héraðsskjalasafni. Komi upp ágreiningur um afhendingarskyldu lögaðila tekur Þjóðskjalasafn Íslands ákvörðun um afhendingarskylduna".


Það er ekki alltaf auðvelt að skilgreina hverjir eru afhendingarskyldir aðilar – sérstaklega á félagsmálasviðinu þar sem margar stofnanir virðast vera reknar að einhverju leyti sameiginlega. Niðurstaðan var sú að horfa á það hvort einhver veitti stofnuninni forstöðu. Stofnanir sem eru reknar af fleiri en einu sveitarfélagi fengu könnun senda ef aðalstöðvarnar eða skrifstofur eru staðsettar í Skagafirði. Ein stofnunin er rekin af sveitarfélögum, ríki og einkafyrirtækjum og eigum við eftir, í samvinnu við Þjóðskjalasafnið, að finna út úr því hver sú stofnun á að afhenda sín gögn. Niðurstaðan var sú að óskað var eftir því að 19 aðilar svöruðu könnuninni.

KÖNNUNINA FENGU:

- Sveitarfélagið Skagafjörður (ráðhús)
- Akrahreppur (oddviti)
- Byggðasafn Skagfirðinga
- Héraðsbókasafn Skagfirðinga
- Brunavarnir Skagafjarðar
- Skagafjarðarhafnir
- Leikskólinn Ársalir
- Leikskólinn Birkilundur
- Leikskólinn Tröllaborg
- Tónlistarskóli Skagafjarðar
- Árskóli
- Varmahlíðarskóli
- Grunnskólinn austan Vatna
- Iðja hæfing
- Fellstún
- Kleifartún
- Heilbrigðiseftirlit NV
- Farskólinn
- Dagdvöl aldraða



SVÖRUN




79% SVÖRUN

Af þeim 19 aðilum sem fengu könnunina voru 15 sem svöruðu og var því svarhlutfallið 79%. Þeir aðilar sem ekki svöruðu voru Árskóli, Grunnskóli austan vatna, Fellstún og Kleifartún.

STÆRÐ SKIPULAGSHEILDA

Stærð stofnunar




Flestar stofnanir, eða 67%, eru með 11 eða færri starfsmenn. Við erum því að tala um fámennar stofnanir. Það sýnir myndina að tveir grunnskólar svöruðu ekki en skólar eru alla jafna með stærstu vinnustöðum sveitarfélaga. Kaup á skjalavörslukerfi eða aðgang að því þykja dýr og hjá litlum stofnunum geta þau orðið stórt hlutfall af meginútgjöldum stofnunarinnar. Þessi staðreynd er án vafa að hafa áhrif á skjalavörslu hjá stofnunum sveitarfélaga. Mögulega er fremur byrjað á því að kaupa skjalavörslukerfi og ráða skjalastjóra hjá stærri stofnunum.

ÁBYRGÐ OG MIKILVÆGI SKJALA OG SKJALAVÖRSLU ER Í ENGU HLUTFALLI VIÐ STÆRÐ STOFNANA. ÞAÐ ER JAFN MIKILVÆGT AÐ LITLAR FÁMENNAR STOFNANIR HAFI SKJALAVÖRSLUNA Í LAGI

SKJALASTJÓRAR

ER SKJALASTJÓRI STARFANDI VIÐ STOFNUNINA?




Umsjónarmaður skjalasafns eða skjalastjóri hefur daglega umsjón með skjalasafni afhendingarskylds aðila. Hjá stærri stofnunum starfa yfirleitt sérstakir skjalastjórar en hjá minni stofnunum sinnir umsjónarmaður skjalasafns skjalavörslu ásamt öðrum verkefnum. Ábyrgð fyrir skjalastjórn og skjalavörslu liggur samt sem áður alltaf hjá forstöðumanni. Það hefur áhrif á mat á þroskastigi skjalavörslu afhendingra aðila hvort starfsmaður eða skjalastjóri hafi það hlutverk að sinna skjalavörslu. Einungis einn afhendingarskyldur aðili í Skagafirði er með skjalastjóra. Yfirleitt sjá forstöðumenn eða millistjórnendur um skjalavörsluna. Í einstaka tilvikum hafa ritaraar þann starfa.

HJÁ AFHENDINGARSKYLDUM AÐILUM Í SKAGAFIRÐI ER SKJALAVARSLA YFIRLEITT Í HÖNDUM FORSTÖÐUMANNA EÐA MILLISTJÓRNANDA.

SKJALAVISTUNARÁÆTLUN

ER STOFNUNIN MEÐ SKJALAVISTUNARÁÆTLUN?

Skjalavistunaráætlun?




Í reglum Þjóðskjalasafn Íslands nr 571/2015 um skjalavistunaráætlunir segir að afhendingarskyldum aðilum beri að gera skjalavistunaráætlun til að hafa yfirsýn yfir sitt skjalasafn. Í reglunum kemur skýrt fram hvað eigi að vera í áætluninni og þeim skulu skilað inn á viðkomandi opinbert skjalasafn, í upphafi skjalavörslutímabils, á sérstöku eyðublaði, til samþykktar. Skjalavistunartímabilið er að jafnaði fimm ár sem þýðir að ég hefði átt að sjá skjalavistunaráætlun frá öllum stofnunum hér í Skagafirði á þeim sex árum sem ég hef starfað hjá héraðsskjalasafninu. Í raun hefur engin stofnun fengið skjalavistunaráætlun sína samþykktar.

TVEIR AÐILAR SEGJAST
VERA MEÐ
SKJALAVISTUNARÁÆTLUN.
ENGINN ER MEÐ SAMÞYKKTA
SKJALAVISTUNARÁÆTLUN

MÁLALYKILL

NOTAR STOFNUNIN MÁLALYKLA VIÐ FLOKKUN MÁLASAFNS?

Málalykill notaður?




Í reglum Þjóðskjalasafns Íslands nr. 572 frá 2015 um málalykla segir að afhendingarskyldir aðilar skulu nota málalykil til að raða og halda utan um skjalaflokkinn málasafn. Í reglunum kemur einnig fram hvernig málalykillinn skuli vera uppbyggður, hvað skuli fylgja málalyklinum, og að leita þurfi samþykkis viðkomandi skjalasafns á nýjum eða breyttum málalykli. Enginn hefur fengið formlega samþykkt fyrir málalykli hér í Skagafirði. 60% aðila segist nota málalykil við flokkun málasafn en einungis 47% raða málsgögnum eftir málalykli.

60% AÐILA NOTAR MÁLALYKIL VIÐ FLOKKUN MÁLASAFNS EN FÆRRI NOTA HANN VIÐ RÖÐUN SKJALA Í MÁLASAFNI. ENGINN ER MEÐ SAMÞYKKTAN MÁLALYKIL.

SKRÁNING MÁLSGAGNA

SKRÁIR STOFNUNIN UPPLÝSINGAR UM SKJÖL OG MÁL SEM KOMA TIL MEÐFERÐAR, HVORT HELDUR PAPPÍRSSKJÖL EÐA RAFRÆN SKJÖL?

Skráning málaskjala




Í í könnuninni var spurt út í skráningu mála og málsagna en um það gilda reglur Þjóðskjalasafnsins nr. 85 frá 2018. 46% segjast skrá mál og málsöggn, 27% segjast ekki gera það og önnur 27% svöruðu á þá vegu að sumt væri skrá, mál varðandi persónuupplýsingar væru skráð eða það ætti ekki við. Út frá þessum svörum má draga þá ályktun að forstöðumönnum sé ekki alltaf ljóst hvenær "mál sé mál". Stjórnsýslulögin eru grundvallarlög um framkvæmd stjórnsýslu. Þau eru m.a. sett til að tryggja borgurum tiltekna réttarvernd í samskiptum við hið opinbera. Stjórnsýslulögin og upplýsingalögin gera skýra kröfu um að hið opinbera tryggi rétta málsmeðferð og haldi vel utan um öll málskjöl

AFHENDINGARSKYLDUM
AÐILUM ÞYKIR ÓLJÓST
HVAÐA MÁL OG MÁLSGÖGN
EIGI AÐ SKRÁ

SKRÁNING

HVERNIG ERU UPPLÝSINGAR UM SKJÖL OG MÁL SKRÁÐ?




Flestir, eða 73% segjast skrá í rafræna málaskrá. Enginn virðist notast lengur við bréfadagbækur. Nokkur hluti, eða 27% svaraði með öðrum hætti. Einn af sagðist ekki skrá mál, einn notaði bæði bréfadagbók og rafræna málaskrá, einn svarenda sagði að þetta væri í vinnslu og einn að þessi spurning ætti ekki við starfsemi þeirrar stofnunar sem hann veitti forstöðu.

73% NOTA RAFRÆNA MÁLASKRÁ

SKJALAVÖRSLUKERFI TILKYNNT

HEFUR NÚVERANDI SKJALAVÖRSLUKERFI VERIÐ TILKYNNT TIL HÉRAÐSSKJALASAFNS SKAGFIRÐINGA?

Skjalavörslukerfi tilkynnt?




Spurt var hvort skjalavörslukerfið sem stofnunin notar hefði verið tilkynnt til héraðsskjalasafnsins og hvort það hafi verið samþykkt af sömu stofnun samanber reglur Þjóðskjalasafn Íslands nr. 624 frá 2010. 15% töldu að kerfið hefði verið tilkynnt en 39% vissu ekki hvort það hefði verið gert. Samkvæmt reglunum þarf að tilkynna skjalavörslukerfi þegar skjalavörslutímabil rennur út, þ.e. á 5 ára fresti og tilkynna þarf kerfin með 3 mánaða fyrirvara. Einn aðili taldi sig hafa samþykkt héraðsskjalasafnsins fyrir skjalavörslukerfi. Í raun hefur enginn tilkynnt eða fengið samþykkt skjalavörslukerfi síðustu fimm árin. Einungis ein stofnun var með handbók um notkun skjalavörslukerfisins sem notast er við.

EKKERT SKJALAVÖRSLUKERFI HEFUR VERIÐ TILKYNNT SÍÐUSTU FIMM ÁR. EKKERT SKJALAVÖRSLUKERFI HEFUR VERIÐ SAMÞYKKT.

GAGNAGRUNNAR TILKYNTIR

HAFI GAGNAGRUNNAR VERIÐ TILKYNTIR TIL HÉRAÐSSKJALASAFNS SKAGFIRÐINGA?




Tilkynna skal nýjar rafrænar skrár og gagnagrunna til opinbers skjalasafns samþanber reglur Þjóðskjalasafns Íslands nr. 625 frá 2010. Reglur þessar gilda um rafrænar skrár og gagnagrunna sem eru notaðir til þess að mynda, safna og geyma upplýsingar sem verða til við starfssemi afhendingarskyldra aðila. Ef rafræna skráin eða gagnagrunnur er notaður af fleiri en einum aðila skal sá aðili tilkynna hann sem hefur forgöngu um innleiðingu hans, þróun og viðhald. Einungis einn aðili hefur tilkynnt um nýjan gagnagrunn, og enginn hefur tilkynnt um úrelta gagnagrunna.

EINUNGIS EINN AÐILI HEFUR TILKYNT UM NÝJAN GAGNAGRUNN. ENGINN HEFUR TILKYNT ÚRELTA GAGNAGRUNNA.

VARÐVEISLA RAFRÆNNA GAGNA

VARÐVEITIR STOFNUNIN EINHVER GÖGN Á ÚRELTUM MIÐLUM S.S. DISKUM EÐA DISKLINGUM?

Varðveisla á úreltum miðlum?




Spurt var hvort stofnunin varðveitti gögn á úreltum miðlum svo sem diskum eða disklingum. Tíu aðilar eða 67% sögðu ekki svo vera. Þá var spurt að því hvort einhverjar ráðstafanir hafi verið gerðar til að varðveita rafrænar skrár til framtíðar. Fimm aðilar eða 33%, svöruðu þessari spurningu neitandi. 34% svöruðu játandi en þegar svörin eru greind frekar má sjá að þær ráðstafanir uppfylla ekki skilyrði fyrir langtíma varðveislu rafrænna gagna.

ÞAÐ SKORTIR NOKKUÐ YFIRSÝN YFIR ELÐRI RAFRÆN GÖGN OG VARÐVEISLU ÞEIRRA

GRISJUN

HEFUR STOFNUN GRISJAÐ EÐA FLEYGT SKJÖLUM?

Hefur stofnunin grisjað/fleygt skjölum?




Spurt var hvort stofnunin hefði grisjað eða fleygt skjölum en um það gilda reglur Þjóðskjalasafns Íslands nr. 627 frá 2010. Um 40% svöruðu því játandi. Þá var spurt hvort stofnanirnar hefðu fengi heimild Þjóðskjalasafnsins fyrir grisjun gagna en einungis einn aðili svaraði því játandi. Í fyrrgreindum reglum er tilgreint hvað megi grisja án heimildar Þjóðskjalasafnsins og við frekari greiningu svara má ætla að stór hluti þeirra gagna sem var fleygt hafi með rétti mátt farga en annað hefði þurft að huga betur að. Rétt að benda á að enginn aðili hefur ákveðið að fara í rafræn skil á gögnum svo allur tölvupóstur sem tengist máli skulu prentaðir út og varðveittir með öðrum tilheyrandi málsgögnum.

EINUNGIS EINN AÐILI HEFUR SÓTT UM FÖRGUN GAGNA HJÁ ÞJÓÐSKJALASAFNI ÍSLANDS

SKJALAGEYMSLUR

HEFUR SKJALAGEYMSLAN VERIÐ SAMÞYKKT AF HÉRAÐSSKJALASAFNI SKAGFIRÐINGA?

Skjalageymsla samþykkt af HSk?



Flestir eða 53% geyma pappírsskjöl í læstum hirslum. Hin 47% voru með ýmis svör en flest sögðu að skjölin væru geymd á skrifstofu í ólæstum hirslum.


Einn aðili taldi sig vera með samþykkt frá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga fyrir skjalageymslu.

FÁIR AÐILAR HAFU HUGAÐ
AÐ ÞVÍ AÐ FÁ SAMÞYKKT
FYRIR SKJALAGEYMSLU
SINNI

AFHENDING PAPPÍRSSKJALA

ER STOFNUNIN MEÐ PAPPÍRSSKJÖL SEM ERU ORÐIN ELDRI EN 30 ÁRA OG EIGA AÐ VERA KOMIN Í VÖRSLU HÉRAÐSSKJALASAFNS SKAGFIRÐINGA?

Pappírsskjöl eldri en 30 ára?




Samkvæmt 15. grein laga um opinber skjalasöfn skal afhenda opinberu skjalasafni afhendingarskyld skjöl þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Einungis 20% aðila töldu sig vera með pappírsskjöl eldri en 30 ára. Árið 1998 komu inn á héraðsskjalasafnið mikið af gögnum í kjölfar sameininga sveitarfélaga á svæðinu og því að mörgu leyti skiljanlegt að ekki séu fleiri með pappírsskjöl eldri en 30 ára.

FÁIR MEÐ PAPPÍRSSKJÖL
SEM ERU ELDRI EN 30 ÁRA

FRÁGANGUR

HEFUR VERIÐ GENGIÐ FRÁ SKJÖLUNUM Í SKJALAÖSKJUR OG ÞAU SKRÁÐ SAMKVÆMT REGLUM ÞJÓÐSKJALASAFNS ÍSLANDS?

Frágangur skjala skv. reglum ÞÍ?




Einungis 20% segjast hafa gengið frá gögnum samkvæmt reglum Þjóðskjalasafns Íslands nr. 573 frá 2015. Þetta er nokkuð áhyggjuefni en í takt við upplifun starfsmanna héraðsskjalasafnsins. Vert er að benda á tvö atriði þessu tengt. Í fyrsta lagi gilda þessar reglur um allar afhendingar til opinbers skjalasafn, ekki aðeins til Þjóðskjalasafns Íslands. Í öðru lagi er ábyrgð á frágangi og afhendingu skjala á höndum afhendingarskylds aðila og sú ábyrgð færir ekki yfir á skjalastjóra sveitarfélagsins þó að skjöl séu flutt í fjargeymslu sveitarfélagsins.

EINUNGIS 20% GANGA FRÁ SKJÖLUM Í SAMRÆMI VIÐ REGLUR ÞJÓÐSKJALASAFNS ÍSLANDS

REGLUR OG LEIÐBEININGAR

HEFUR STOFNUNIN STUÐST VIÐ REGLUR OG LEIÐBEININGARIT ÞJÓÐSKJALASAFNS ÍSLANDS?

Stuðst við reglur og leiðbeiningar þí?



Um 67% svarenda sögðust ekki fara eftir reglum og leiðbeiningum Þjóðskjalasafns Íslands. Sumir vissu ekki af tilvist þeirra, aðrir töldu þær vera óskýrar. Enn aðrir töldu þær ekki eiga við.

Einnig var spurt hvort áhugi væri á fræðslu um skjalavörslu en 86% svarenda svöruðu því játandi.

FÁIR FARA EFTIR REGLUM
OG LEIÐBEININGUM
ÞJÓÐSKJALASAFNS ÍSLANDS
EN MIKILL ÁHUGI ER Á
AUKINNI FRÆÐSLU UM
SKJALAVÖRSLU

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

HVER ER STAÐA SKJALAVÖRSLU OG SKJALASTJÓRNAR HJÁ AFHENDINGARSKYLDUM AÐILUM Í SKAGAFIRÐI?

Helstu niðurstöður þessarar könnunar eru þessar:

- **Skjalastjórar.** Afhendingarskyldir aðilar í Skagafirði eru yfirleitt frekar fámennar stofnanir og skjalavarsla yfirleitt í höndum forstöðumanna eða deildarstjóra sem sinna þessu hlutverki með öðrum aðkallandi verkefnum. Nýlegar kannanir Þjóðskjalasafns Íslands hafa leitt í ljós að skjalavarsla og skjalastjórnun er yfirleitt betri hjá stofnunum sem hafa sérstakan starfsmann sem sinnir því hlutverk.
- **Skjalavistunaráætlanir.** Í reglum Þjóðskjalasafns Íslands nr. 571/2015 um skjalavistunaráætlanir segir að afhendingarskyldum aðilum beri að gera skjalavistunaráætlun til að hafa yfirsýn yfir sitt skjalasafn. Einungis tveir aðilar segjast hafa gert skjalavistunaráætlanir og enginn aðili hefur fengið slíka áætlun samþykkt. Draga má því þá ályktun að stofnanir hafi ekki góða yfirsýn yfir skjalasöfn sín.
- **Málalykill og flokkun mála.** Í reglum Þjóðskjalasafns Íslands nr. 572 frá 2015 um málalykla segir að afhendingarskyldir aðilar skulu nota málalykil til að raða og halda utan um skjalaflokkinn málaflokkinn. Um 60% aðila segjast nota málalykil við að flokkun skjalasafns en einungis 47% segjast raða málgögnum eftir málalykli. Enginn aðili er með samþykktan málalykil eins og reglur gera ráð fyrir og skortur er á skilningi til hvers hann er notaður.
- **Skráning mála og málgagna.** Einungis 46% segjast skrá mál og málgögn, 27% segjast ekki gera það og önnur 27% svöruðu á þá vegu að sumt væri skrá, mál varðandi persónuupplýsingar væru skráð eða það ætti ekki við. Út frá þessum svörum má draga þá ályktun að mikil þörf sé á fræðslu fyrir forstöðumenn um lagalegar skyldur þeirra og ábyrgð varðandi umsýslu mála og skjalavörslu, samanber stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um opinber skjalasöfn.




- **Frágangur og skil á pappírsgögnum.** Einungis 20% aðila telja sig hafa pappírsskjöl sem eru 30 ára eða eldri. Vonandi bendir það til þess að yfirleitt sé búið að skila inn eldri gögnum á skjalasafnið fremur en að gögnum hafi verið fargað á ólöglegan hátt. Einungis 20% segjast hafa gengið frá og skráð pappírsskjöl eins og reglur Þjóðskjalasafns Íslands gera ráð fyrir. Um 40% sögðust hafa fargað gögnum/skjölum en einungis einn aðili hefur sótt um grisjun gagna.
- **Skjalageymslur.** Rúmlega helmingur, eða 53%, geyma pappírsskjöl í læstum hirslum. Einn aðili taldi sig vera með samþykkt héraðsskjalasafnsins fyrir skjalageymslu. Ljóst er að fáir hafa hugað að skjalageymslum, hvaða kröfur séu gerðar til slíkra geymslna og að nauðsynlegt sé að fá samþykkt hjá opinberu skjalasafni fyrir geymslunni.
- **Rafræn gögn.** Enginn afhendingarskyldur aðili í Skagafirði hefur sótt um að fara í rafræn skil og einungis ein tilkynning hefur borist um rafrænan gagnagrunn. Þetta getur þó varla endurspeglað raunveruleikann þar sem meirihluti starfsmanna vinnur með rafræn gögn á degi hverjum. Fyrir það fyrsta eru flestir að halda utan um málafsn með rafrænni skrá eða skjalavörslukerfi (gagnagrunni). Margt bendir til þess að afhendingarskyldir aðilar hafi ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að koma rafrænum gögnum í varanlegt, kerfisóháð form sem hentar til langtíma varðveislu og nokkuð skortir á yfirsýn yfir þau rafrænu gögn sem er verið að vinna með. Á þetta bæði við um eldri gögn og úrelt gagnakerfi sem og þau gögn sem verið er að vinna með í dag.

Ljóst er að átaks er þörf í skjalamálum afhendingarskyldra aðila á vegum sveitarfélaga í Skagafirði svo þessir aðilar uppfylli lagaskyldur sínar. Rétt er að ítreka meginmarkmið laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 sem er að " tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og gögn um sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi". Skjalavarsla er mikilvægur hluti stjórnsýslunnar sem nauðsynlegt er að gefa betri gaum.

ÞROSKASTIG SKJALAVÖRSLU

HVAÐ SEGIR KÖNNUNIN UM ÞROSKASTIG SKJALAVÖRSLU HJÁ AFHENDINGARSKYLDUM AÐILUM Í SKAGAFIRÐI?



Til þess að meta stöðu einstakra stofnana og setja niðurstöður könnunarinnar í samanburðarhæf form hefur ÞÍ skilgreint fimm þroskastig skjalavörslu út frá þeim lögum og reglum sem gilda um skjalavörslu afhendingarskylda aðila. Hér er að mestu leyti stuðst við þessa skilgreiningu (<https://skjalasafn.is/throskastigin>).

Samkvæmt skilgreiningu ÞÍ eru þeir sem eru á **þroskastigi 0** ekki með neina meðvitaða skjalavörslu svo heitið getur. Því miður virðist skjalavörsla rúmlega 53% afhendingarskyldra aðila í Skagafirði vera með þroskastig 0. Þroskastig 1 er skilgreind sem *ófullnægjandi skjalavörsla* en rúmlega 33% voru metin á því stigi.

Einungis einn aðili var metinn á **þroskastigi 2** sem er skilgreind sem *hefðbundin skjalavörsla*. **Þroskastig 3** er skilgreind sem *fagleg skjalavörsla* en þá er unnið eftir samþykktum áætlunum, allir gagnagrunnar hafa verið tilkynntir til opinbers skjalasafns og búið að ganga frá gögnum til langtímavarðveislu eins og lög og reglur gera ráð fyrir. **Þroskastig 4** er skilgreind sem *fyrirmyndar skjalavörsla* en þá er skjalavörslan að mestu orðin rafræn. Næsta eftirlitskönnun fer fram árið 2025. Þá viljum við sjá töluverðar breytingar á þroskastigi skjalavörslu skipulagsheilda í Skagafirði. Starfsmenn héraðsskjalasafnsins eru boðnir og búnir að aðstoða við þær breytingar.



HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA

MAÍ 2021